





Scandic Stavanger Congress

Lýsing



Hótelid samanstendur af tveimur byggingum sem eru tengdar með glerbrú. Láréttar byggingarnar hlykkjast eftir lóðinni en teygja sig svo til himins á einum stað. Þar er hjarta hótelsins. Þetta uppbrot og hæðarmismunur gerir það að byggingin með alla sína fermetra getur aðlagast umhverfi sínu á sannfærandi hátt og á sama tíma gert ráð fyrir myndarlegum garði innan lóðar. Til að undirstrika þetta snúa skammhliðar byggingarinnar út að lóðarmörkum og skapa þannig mælikvarða í samræmi við umhverfi sitt í stað þess að mynda samhangandi vegg að aðliggjandi lóðum /götum.


Allir þakfletir bygginganna eru grasi vaxnir, auk þess hefur garður á vesturhluta lóðarinnar fengið stórt vægi í lóðarnýtingu með stórum trjám og fjölbreyttum gróðri. Veitingarstaður hótelsins opnast út í garðinn og skapar þar aukið líf. Byggingin skiptist í ráðstefnuhluta og hótell. Lobby og veitingarstaðir eru staðsettir á 1 hæð/jarðhæð með inngang frá Sverdrupsgate. Ráðstefnuhlutinn er á 2 neðstu hæðunum auk kjallara.


Hótelherbergi eru á 3 til 10 hæð en á 11 hæð er svo glerskúlpútur með þaksvölum, fundaraðstöðu og gróðursettu gangrými með útsýni til allra átta.

Sorpgeymslur eru inni í byggingunni í tengslum við eldhús og vörumóttöku. Aðkoma að vörumóttöku er í norðvesturhluta lóðar á sama stað og innkeyrsla í bílageymslu og stórsal ráðstefnuhluta í kjallara. Tæknirými liggja að mestu í kjallara.

Útlit bygginganna vísar í laufblöð og garðinn sem þrátt fyrir sinn einfaldleika skapar fjölbreytt munstur og falleg lífræn form. Útveggir eru byggðir upp með einingum þar sem grunnformið er þríhyrningur. Einingarnar er svo settar saman á mismunandi hátt háð notkun en einnig til að skapa fjölbreytt munstur og falleg lífræn form í samræmi við garðinn í vestri.

Hönnun miðast við að byggingin uppfylli kröfur BREEAM „very good“.





Scandic Stavanger Congress



Upplýsingar

Heiti verks	1218_ Scandic Stavanger Congress
Hlutverk	forteikningar
Heimilisfang	Tanke Svílandsgate, Stavanger, Noregur
Verkkaupi	Hermann Wedels plass AS
Arkitektar	Link Arkitektur / Batteríð Arkitektar ehf
Stærð m ²	19.660 m ²
Byggingarkostnaður	ca 350 NOK
Staða verks	í vinnslu

